



## Svar

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um fjölda tilkynninga til Barnaverndar vegna skólasóknar**

*Þann 2. mars 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um fjölda tilkynninga til Barnaverndar vegna skólasóknar.*

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hve mörg tilfelli hafa verið tilkynnt til Barnaverndar sem tengjast skólasókn nemenda (skólaforðunarmál), þ.m.t. leyfin.*

**Svar:**

Tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur sem tengjast skólasókn nemenda geta fallið undir eftirfarandi tvo flokka í tilkynningakerfi barnaverndarnefndar: „Vanræksla varðandi nám“ og „Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt“. Það er ávallt matsatriði bæði hvernig tilkynnandi ákveður að tilkynna, þ.e. hvort áherslan í tilkynningu sé á vanrækslu náms eða að skólasókn sé áfátt. Svo er það mat þess sem móttækur tilkynninguna hvorum flokki hún tilheyrir frekar. Því er nærtækast að horfa til tilkynninga sem skráðar eru undir þess tvo flokka og sýna töflurnar hér fyrir neðan fjölda tilkynninga í þessum tveimur flokkum síðastliðin þrjú ár.

**Vanræksla varðandi nám:**

	2019	2020	2021
Fjöldi tilkynninga	67	40	46
Hlutfall af heildarfjölda tilkynninga	1,4%	0,8%	0,9%

**Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt:**

	2019	2020	2021
Fjöldi tilkynninga	77	43	72
Hlutfall af heildarfjölda tilkynninga	1,6%	0,8%	1,5%

Ef lítið er til heildarfjölda tilkynninga til Barnaverndar Reykjavíkur má sjá að um er að ræða tiltölulega lítið hlutfall tilkynninga sem falla í framangreinda flokka eða 0,9% og 1,5% af heildarfjölda tilkynninga. Ef horft er á flokkinn „Erfiðleikar barns í skóla,

skólasókn áfátt“, má sjá mun á milli ára, þar sem árið 2020 sker sig úr. Í því sambandi ber að hafa í huga þær miklu takmarkanir sem voru á skólastarfi og töluvert var um það að börn væru heima vegna þeirra miklu samkomutakmarkana sem þá voru í þjóðfélaginu. Af þeim sökum má gera ráð fyrir því að á árinu 2020 hafi skólar almennt dregið úr því að tilkynna um að skólasókn væri áfátt. Í þessu samhengi má líta til þess að í Reykjavík voru 603 tilkynningar frá skóla árið 2020 en árið 2021 voru þær 691.

Almennt má leiða líkum að því að skólavandi og vandi tengdur skólasókn birtist líka í málum sem falla undir aðra flokka, til að mynda ef tilkynningar berast vegna vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit eða tilkynningar tengdar ofbeldi. Langflestar tilkynningar til Barnaverndar berast frá lögreglu og eðli máls samkvæmt lúta slíkar tilkynningar ekki að skólasókn barns.